

Fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Þingeyinga bs. haldinn að Garðarsbraut 5 á Húsavík 13. maí 2019 kl. 13:15.

Fundinn sátu eftirtaldir framkvæmdastjórar aðildarsveitarfélaga HNP bs.; Aðalsteinn J. Halldórsson, Dagbjört Jónsdóttir, Elías Pétursson (á Skype), Kristján Þór Magnússon, Sigurður Þór Guðmundsson (í síma) og Þorsteinn Gunnarsson. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri HNP bs. sem ritaði fundargerð.

Formaður, Dagbjört Jónsdóttir setti fund og stjórnaði honum.

Á fundi gerðist þetta:

1. Ársreikningur HNP bs. 2018

Fyrir liggur endurskoðaður ársreikningur 2018, áritaður athugasemdalaust af PwC ásamt endurskoðunarbréfi. Farið yfir reikninginn en heildartekjur ársins voru 8,8 mkr. og rekstrargjöld 10,2 mkr. og halli fyrri fjármagnsliði 1,4 mkr. Fjármagnsliðir voru jákvæðir um 250 þús. og halli ársins því 1.150 þús. Heildareignir eru 27,8 mkr. í árslok og þar af er handbært fé 13,8 mkr. Skuldir voru 15,8 mkr. og þar af er lífeyrisskuldbinding 10,4 mkr. Eigið fé í árslok var 11,9 mkr.

Að yfirferð lokinni var ársreikningurinn samþykktur samhljóða og undirritaður.

2. Önnur mál

- Rætt um skipan sameiginlegs öldungaráðs á starfsvæðinu sbr. bókun á síðasta fundi. Sveitarfélögin hafa samþykkt þá skipan sem þar var lögð til og er verið að leggja síðustu hönd á endurskoðun erindisbréfs ráðsins. Gert er ráð fyrir að hvert sveitarfélag og aðrir tilnefningaraðilar greiði kostnað við þátttöku sinna fulltrúa í ráðinu.
- Rætt um mögulega sameiningu slökkviliða á starfssvæðinu en málið hefur verið reifað áður og einnig á fundum fulltrúaráðs (03.05. og 08.11.2017) án þess að neinar ákvarðanir hafi verið teknar. Mikilvægt er að taka málið upp að nýju og marka stefnu í málinu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:22